

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 15. nóvember 2006 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna Brúarhóls og Vinja. Í breytingunni felst að markaðar eru nýjar lóðir fyrir tvö einbýlishús og eitt parhús norðan núverandi húsa að Brúarhóli og Vinjum, með aðkomu frá framlengdum Eini-teigi.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 12. desember 2006,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2006